

## REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

1. gr.

Við 8. gr. bætist einn nýr stafliður, w-liður, sem orðast svo:

- w) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), er varðar fjölhringa arómatísk vetniskolefni, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2014 frá 17. maí 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014 2014/EES/36/87, bls. 641-643.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð (ESB) nr. 1272/2013 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) er varðar fjölhringa arómatísk vetniskolefni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í staflið c. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr., sbr. 1. mgr. 26. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 23. júní 2014.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*